

Mál nr. 146/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar heimilistryggingar

Lakkskemmdir á bifreið 18.05. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.04. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M kveðst hafa tekið að sér í umrætt sinn að þvo bifreið nágranna síns. Hann kveðst hafa orðið fyrir því að valda lakkskemmdum á bifreiðinni með því að nota svamp sem hann hafði keypt frá tilteknum söluaðila.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að um undanskilda áhættu sé að ræða því samkvæmt vátryggingarskilmálum tekur vátryggingin ekki til tjóns “á munum sem hinir vátryggðu hafa til afnota, til geymslu, eða eru af örðum orsökum í þeirra vörslu”. Félagið telur ljóst að umrædd bifreið hafi verið í vörslu M er hið meinta tjón varð og falli því þegar af þeirri ástæðu ekki undir vátrygginguna. Því til viðbótar var atvikalýsing óljós í málinu þar sem mjög hafi verið á reiki hvort orsökina megi rekja til gáleysis M eða þess að söluaðila svampsins megi kenna um tjónið. Saknæm háttsemi sé því ósönnuð í málinu.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi lakkskemmdir á umræddri bifreið til saknæmrar háttsemi M við þvott á bifreiðinni.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda vátryggingarinnar er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 10. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.